

AUGLÝSING

um gildistöku verklagsreglna í hagskýrslugerð.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) hefur samþykkt *verklagsreglur í evrópskri hagskýrslugerð* og gefið þær út sem tilmæli nr. 217/2005. Þessar reglur eru ætlaðar stjórnvöldum ESB og aðildarríkja þess og hagskýrslustofnunum, þ.e. Hagstofu ESB (Eurostat), hagstofum og öðrum stofnunum sem hafa með höndum opinbera hagskýrslugerð í aðildarríkjum ESB.

Hagstofa Íslands tekur ásamt öðrum hagstofum EFTA-ríkjanna fullan þátt í evrópska hagskýrslusamstarfinu á grundvelli EES-samningsins. Tilmælin nr. 217/2005 hafa verið tekin upp í EES-samninginn en í því felst að mælt er til að verklagsreglurnar gildi fyrir íslensk stjórnvöld, Hagstofu Íslands og aðrar opinberar stofnanir sem fást við opinbera hagskýrslugerð hér á landi.

Verklagsreglurnar, sem birtar eru sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, öðlast þegar gildi og skal beita við opinbera hagskýrslugerð hér á landi, sbr. lög um hagstofu Íslands nr. 24/1913.

Hagstofu Íslands, 9. júní 2006.

Halldór Ásgrímsson.

Hallgrímur Snorrason.

Fylgiskjal.

Verklagsreglur í hagskýrslugerð.

Skilgreiningar:

Evrópskar hagskýrslur merkja í þessu skjali hagskýrslur Evrópusambandsins eins og þær eru skilgreindar í reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur bandalagsins sem eru unnar og gefnar út af hagskýrsluyfirvöldum hvers ríkis og hagskýrsluyfirvöldum sambandsins (Hagstofu Evrópusambandsins) í samræmi við grein 285(2) Rómarsáttmálans.

Hagskýrsluyfirvöld merkja, í hverju ríki, hagstofa ríkisins og aðrar hagskýrslustofnanir, sem eru ábyrgar fyrir að taka saman og miðla evrópskum hagskýrslum, og í Evrópusambandinu, Hagstofa Evrópusambandsins.

Með *evrópska hagskýrslukerfinu* er átt við samstarf Hagstofu Evrópusambandsins, hagstofa ríkjanna og annarra hagskýrslustofnana ríkjanna sem ábyrgar eru fyrir gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna í hverju aðildarríki.

Í samræmi við Rómarsáttmálann, sér í lagi grein 285(2) ásamt reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur bandalagsins, og í samræmi við grundvallarreglur um opinbera hagskýrslugerð sem samþykktar voru af hagskýrslunefnd Sameinuðu þjóðanna 14. apríl 1994, gegna þessar verklagsreglur tvennum tilgangi:

- Að auka traust og tiltrú á sjálfstæði, heiðarleika og ábyrgð, bæði á hagstofum einstakra ríkja og Hagstofu Evrópusambandsins, og á trúverðugleika og gæðum hagskýrslna sem þær taka saman og miðla (þ.e. ytra viðhorf).
- Að stuðla að því að allir sem koma að gerð evrópskra hagskýrslna temji sér bestu alþjóðlegu hagskýrslureglur, aðferðir og verklag til að auka gæði hagskýrslugerðarinnar (þ.e. innra viðhorf).

Verklagsreglurnar eru ætlaðar til beitingar af:

Stjórnvöldum (þ.e. ríkisstjórnnum, ráðuneytum, framkvæmdastjórninni og ráðinu) – til að veita þeim leiðbeiningar til að tryggja að hagskýrslustofnanir þeirra séu faglega skipulagðar og hafi bolmagn til að taka saman trúverðugar evrópskar hagskýrslur á þann hátt að sjálfstæði, heiðarleiki og áreiðanleiki þeirra sé tryggður.

Hagskýrsluyfirvöldum og starfslíði þeirra – til að skapa viðmiðun í meginreglum í hagskýrslugerð og fyrir gildi og bestu vinnubrögð sem auðveldar þeim að vinna og miðla samræmdum hagskýrslum í háum gæðaflokki.

Verklagsreglurnar eru ætlaðar til upplýsingar fyrir:

- *Notendur* – til að sýna þeim að hagskýrsluyfirvöld Evrópusambandsins og einstakra ríkja séu óhlutdræg og að hagskýrslurnar, sem þau semja og miðla, séu trúverðugar, hlutlægar og áreiðanlegar.
- *Gagnaveitendur* – til að sýna að gætt sé fyllsta trúnaðar um þær upplýsingar sem þeir láta í té og að óþarfa kröfur séu ekki gerðar til þeirra sem veita þær.

Verklagsreglurnar eru byggðar á *15 meginreglum*. Stjórnvöld og hagskýrsluyfirvöld Evrópusambandsins skuldbinda sig til þess að fara eftir þessum meginreglum og endurskoða framkvæmd þeirra reglubundið með því að leggja mælistikur „góðra vinnubragða“, sem miða skal við, á hverja þessara 15 meginreglna.

Hagskýrsluáætlunarnefndin sem sett var á fót samkvæmt ákvörðun ráðsins 89/382/ESB frá 19. júní 1989 mun fylgjast reglubundið með framkvæmd þessara verklagsreglna á jafningjagrundvelli.

Stofnanaumhverfi.

Stofnanabundnir og skipulagslegir þættir hafa umtalsverð áhrif á skilvirkni og trúverðugleika hagskýrsluyfirvalda sem taka saman evrópskar hagskýrslur og miðla þeim. Það sem máli skiptir er faglegt sjálfstæði, heimildir til gagnasöfnunar, fjárhagslegt bolmagn, hár gæðastaðall, trúnaður í hagskýrslugerð, óhlutdrægni og hlutlægni.

Meginreglur.

1. meginregla: Faglegt sjálfstæði.

Faglegt sjálfstæði hagskýrsluyfirvalda gagnvart öðrum stjórnardeildum eða stofnunum sem annast stefnumótun, stjórnun eða framkvæmd mála, svo og gagnvart einkageiranum, stuðlar að trúverðugleika evrópskra hagskýrslna.

Mælistikur:

- Sjálfstæði hagskýrsluyfirvalda gagnvart stjórn málaöflum og annarri utanaðkomandi ihlutun við gerð og dreifingu opinberra hagskýrslna sé bundið í lögum.

- Hagstofustjóri sé það hátt settur í embættismannastiganum að hann eigi aðgang að stjórnvöldum og stofnunum framkvæmdarvaldsins. Fagleg hæfni hans sé óvæfengjanleg.
- Hagstofustjóri og, þar sem það á við, yfirmenn undirstofnana, bera ábyrgð á því að evrópskar hagskýrslur séu unnar og þeim miðlað án ihlutunar annarra.
- Hagstofustjóri og, þar sem það á við, yfirmenn undirstofnana, bera einir ábyrgð á ákvörðunum um tölfræðilegar aðferðir, staðla og verklag, um efni fréttu og hagtalna og hvenær þær skuli birtar.
- Hagskýrsluáætlanir séu birtar og reglubundnar skýrslur unnar um framgang mála.
- Hagskýrsluútgáfum sé haldið skýrt aðgreindum frá stjórn mála- og stefnuyfirlýsingum.
- Hagstofan geri, eftir því sem við á, opinberlega athugasemdir við hagskýrslumál, þ.m.t. gagnrýni á hagskýrslur og misnotkun þeirra.

2. meginregla: Heimildir til gagnasöfnunar.

Hagstofur verða að hafa skýrar lagaheimildir til að safna upplýsingum til hagskýrslugerðar. Með lögum má skylda stjórnvöld, fyrirtæki, heimili og almenning til að veita hagstofum aðgang að eða láta þeim í té gögn til hagskýrslugerðar.

Mælistikur:

- Heimildir hagstofa til söfnunar gagna til úrvinnslu og miðlunar opinberra hagskýrslna sé lögbundin.
- Hagstofa hafi lagaheimildir til að nota stjórnvaldsgögn til hagskýrslugerðar.
- Hagstofa hafi lagalega heimild til að krefjast svara við tölfræðilegum könnunum.

3. meginregla: Nægilegt fjármagn.

Hagskýrsluyfirvöld skulu hafa nægilegt fjármagn til að standast kröfur um gerð evrópskra hagskýrslna.

Mælistikur:

- Starfslið, fjármagn og tölvubúnaður sé nægur, bæði að magni og gæðum, til að svara kröfum evrópskrar hagskýrslugerðar hverju sinni.
- Umfang, sundurliðun og kostnaður við evrópska hagskýrslugerð sé í samræmi við þarfir.
- Vinnureglur séu tiltækar til að meta þörf fyrir nýja, evrópska hagskýrslugerð miðað við kostnað.
- Vinnureglur séu tiltækar til að meta áframhaldandi þörf fyrir alla þætti evrópskrar hagskýrslugerðar og athuga hvort leggja megi niður einhverja þeirra eða draga úr þeim til að koma að öðrum verkefnum.

4. meginregla: Gæðaskuldbindingar.

Aðilar að evrópska hagskýrslukerfinu skuldbinda sig til að vinna eftir og framfylgja gæðayfirlýsingu þess.

Mælistikur:

- Fylgst sé reglubundið með gæðum hagskýrslna samkvæmt gæðastaðli evrópska hagskýrslukerfisins.
- Vinnureglur séu tiltækar til að fylgjast með gæðum gagnasöfnunar, úrvinnslu og miðlunar.
- Vinnureglur séu tiltækar til að meta gæðamál, þar með talin forgangsröðun með tilliti til gæða, og til að yfirfara skipulag yfirstandandi og nýrra athugana.
- Viðmiðunarreglur gæðamála séu skráðar og starfslið vel þjálfað. Þessar viðmiðunarreglur séu birtar og gerðar aðgengilegar fyrir almenning.
- Helstu hagskýrsluafurðir séu endurmetnar reglulega og ítarlega, með aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga þegar við á.

5. meginregla: Trúnaðarkvaðir við hagskýrslugerð.

Fyllilega sé tryggt að friðhelgi gagnaveitenda (heimila, fyrirtækja, stjórnvalda og annarra svarenda) sé virt, að farið sé með upplýsingar sem þeir veita sem trúnaðarmál og þær eingöngu notaðar til hagskýrslugerðar.

Mælistikur:

- Trúnaðarkvaðir við hagskýrslugerð séu lögbundnar.
- Starfslið við hagskýrslugerð undirriti trúnaðarheit við ráðningu.
- Ströng viðurlög séu við trúnaðarbroti af yfirlögðu ráði.
- Reglur og leiðbeiningar séu fyrir hendi um gagnaleynd í úrvinnslu og miðlun. Þessar leiðbeiningar séu birtar skriflega og gerðar almenningi kunnar.
- Efnislegum og tæknilegum ráðstöfunum sé beitt til að tryggja öryggi og heilleika tölfraðilegra gagnasafna.
- Strangar reglur gildi um aðgang utanaðkomandi aðila að tölfraðilegum gögnum um einstaka aðila í rannsóknarskyni.

6. meginregla: Óhlutdrægni og hlutlægni.

Hagstofur verða að vinna evrópskar hagskýrslur og miðla þeim af vísindalegum heilindum og á hlutlægan, faglegan og gagnsæjan hátt svo að allir notendur standi jafnt að vígi.

Mælistikur:

- Hagskýrslur séu byggðar á hlutlægum grunni sem ræðst af tölfraðilegum sjónarmiðum.
- Val á gögnum og aðferðum ráðist af tölfraðilegum sjónarmiðum.
- Villur sem finnast í útgefnum skýrslum séu leiðréttar og leiðréttingarnar birtar svo skjótt sem auðið er.
- Upplýsingar um aðferðir og verklag hagstofa séu almenningi aðgengilegar.
- Birtingardag og –stund hagskýrslufrétta skal tilkynna fyrirfram.
- Allir notendur hafi jafnan aðgang að hagskýrslufréttum og á sama tíma. Forgangur utanaðkomandi að efni þeirra sé takmarkaður, undir eftirliti og gerður opinber. Leki fréttir út ber að endurskoða forgangsheimildir til að tryggja óhlutdrægni.
- Hagskýrslufréttir og yfirlýsingar á fréttamannafundum séu hlutlægar og dragi ekki taum neins.

Starfshættir í hagskýrslugerð.

Fara skal að fullu eftir evrópskum og alþjóðlegum stöðlum, leiðbeiningum og verklagsreglum við skipulag, gagnasöfnun, úrvinnslu og miðlun opinberra hagskýrslna. Orðspor góðs reksturs og skilvirkni við hagskýrslugerð eykur traust á hagskýrslum. Mestu máli skiptir traust aðferðafræði, réttir tölfræðilegir verkferlar, hófleg svarbyrði og hagkvæmur rekstur.

7. meginregla: Traust aðferðafræði.

Gæði hagskýrslna byggjast á traustri aðferðafræði. Þetta krefst haldgóðrar tækni, góðs verklags og sérfræðipækkingar.

Mælistikur:

- Hjá hagstofu ráðist aðferðafræðileg undirstaða af evrópskum og alþjóðlegum stöðlum, forskriftum og góðu verklagi.
- Tryggt sé á kerfisbundinn hátt að viðurkenndum hugtökum, skilgreiningum og flokkunum sé beitt markvisst innan hagstofunnar.
- Fyrirtækjaskrá og úrtaksrammar einstaklingskannana séu yfirfarnir reglulega og lagfærðir ef nauðsyn krefst til þess að tryggja gæði.
- Innlendar flokkanir og sundurgreiningar séu í fullu samræmi við samsvarandi evrópsk kerfi.
- Háskólamenntað fólk í viðeigandi greinum sé ráðið til starfa.
- Starfslið sækir alþjóðleg námskeið og ráðstefnur eftir því sem við á og leiti samstarfs við starfsystkin sín á alþjóðavettvangi til að læra af þeim fremstu og auka færni sína.
- Skipulegt samstarf sé við vísindasamfélagið til að bæta aðferðafræði og leitað sé utanaðkomandi ráðgjafar þegar henta þykir um gæði og skilvirkni þeirra aðferða sem beitt er.

8. meginregla: Viðeigandi verklag.

Réttu verklagi verður að beita á öllum stigum hagskýrslugerðar til þess að tryggja gæði hennar.

Mælistikur:

- Sé evrópsk hagskýrslugerð byggð á stjórnsýslugögnum verða skilgreiningar og hugtök þeirra að svara nokkurn veginn til þess sem krafist er í tölfræðilegum tilgangi.
- Spurningalistar kannana séu prófaðir skipulega áður en þeim er beitt til gagnasöfnunar.
- Snið kannana, úrtök og úrtaksvogir byggist á traustum grunni og þær yfirfarnar, endurskoðaðar og uppfærðar reglulega.
- Söfnun, skráning og kóðun gagna sé háð reglubundnu eftirliti og endurskoðuð eftir þörfum.
- Beitt sé viðeigandi tölvutækni til gagnahreinsunar og tilreiknunar gagna og hún endurmetin og endurnýjuð eftir þörfum.
- Endurskoðun á niðurstöðum fylgi viðurkenndu, traustu og gagnsæju verklagi.

9. meginregla: Hófleg svarbyrði gagnaveitenda.

Svarbyrði skal vera í samræmi við þarfir notenda og ekki íþyngja svarendum óhóflega. Hagstofur fylgist með svarbyrðinni og setji sér það markmið að draga úr henni með tímanum.

Mælistikur:

- Kröfur evrópskrar hagskýrslugerðar um umfang og sundurliðun takmarkist við það sem talið er algerlega nauðsynlegt.
- Svarbyrðinni sé dreift eins og kostur er með viðeigandi úrtaksaðferðum.
- Upplýsingar sem leitað er frá fyrirtækjum, miðist eftir því sem unnt er, við það sem er tiltækt í bókhaldi þeirra, og tölvutækni beitt, þegar þess er kostur, til að auðvelda gagnaskil.
- Besta mat og áætlanir skulu teknar gildar þegar ekki er auðvelt að afla nákvæmra, sundurliðaðra gagna.
- Stjórnsýslugögn séu jafnan notuð þegar þau eru tiltæk til að koma í veg fyrir að beðið sé oft um sömu upplýsingar.
- Hagskýrslustofnanir hagnýti gögn sameiginlega til að koma í veg fyrir óþarfar kannanir.

10. meginregla: Hagkvæmni í rekstri.

Fjármunir skulu nýttir af ýrtruðu hagkvæmni.

Mælistikur:

- Notkun fjármuna hagstofu skal háð innra eftirliti og óháðu ytra eftirliti.
- Einhæf skrifstofustörf (svo sem skráning, kóðun og yfirferð gagna) séu gerð sjálfvirk eftir því sem kostur er.
- Afkastageta í upplýsinga- og samskiptatækni sé nýtt eins og kostur er til gagnasöfnunar, úrvinnslu og miðlunar.
- Áhersla sé lögð á að gera stjórnsýslugögn þannig úr garði að þau séu tæk til hagskýrslugerðar svo að ekki þurfi beinar, kostnaðarsamar kannanir.

Gagnsemi hagskýrslna.

Hagskýrslur verða að uppfylla þarfir notenda. Hagskýrslur skulu fylgja gæðastöðlum evrópska hagskýrsluferfisins og gagnast stofnunum Evrópusambandsins, ríkisstjórnnum aðildarríkjanna, rannsóknarstofnunum, fyrirtækjum og almenningi. Mestu máli skiptir að hvaða marki hagskýrslurnar eru hagnýtar, nákvæmar og áreiðanlegar, tímanlegar, samfelldar, samanburðarhæfar milli svæða og ríkja og aðgengilegar notendum.

11. meginregla: Notagildi.

Evrópskar hagskýrslur verða að fullnægja þörfum notenda.

Mælistikur:

- Á skipulagðan hátt sé ráðgast við notendur um mikilvægi og notagildi fyrirliggjandi hagskýrslugerðar, um nýjar þarfir fyrir hagskýrslur og áherslur í forgangsröðun verkefna.
- Verkáætlanir greini brýnustu þarfir og hvernig þeim skuli fullnægt.
- Notendakannanir séu gerðar með reglubundnu millibili.

12. meginregla: Nákvæmni og áreiðanleiki.

Evrópskar hagskýrslur skulu lýsa raunveruleikanum á nákvæman og áreiðanlegan hátt.

Mælistikur:

- Hrágögn, niðurstöður á vinnslustigi og hagskýrsluafurðir séu metnar og sannreyndar.
- Úrtaksskekkjur og aðrar skekkjur séu metnar og skráðar kerfisbundið samkvæmt gæðareglum evrópska hagskýrslukerfisins.
- Endurskoðanir hagtalna sæti reglubundnum athugunum og greiningu og niðurstöðurnar notaðar til að bæta verkferla í hagskýrslugerð.

13. meginregla: Skjótverkni og stundvísi.

Evrópskum hagskýrslum skal miðlað svo fljótt sem kostur er og á tilsettum tíma.

Mælistikur:

- Skýrslur séu birtar jafnfljótt og gert er ráð fyrir í evrópska hagskýrslukerfinu og alþjóðlegu samstarfi.
- Hagskýrslufréttir séu jafnan birtar á sama tíma á deginum.
- Tíðni evrópskra hagskýrslna miðist við þarfir notenda eftir því sem við verður komið.
- Öll frávik frá birtingaráætlun séu auglýst fyrirfram, þau skýrð og nýr birtingartími tilkynntur.
- Birta má bráðabirgðaniðurstöður af ásættanlegum gæðum þegar það er talið gagnlegt.

14. meginregla: Samræmi og samanburðarhæfni.

Evrópskar hagskýrslur skulu vera sjálfum sér samkvæmar, samfelldar frá tímabili til tímabils og samanburðarhæfar milli svæða og ríkja. Hægt skal vera að tengja og samnýta skyld gögn af mismunandi uppruna.

Mælistikur:

- Hagskýrslur séu innbyrðis samræmdar og sjálfum sér samkvæmar (til dæmis sé gerður greinarmunur á reiknuðum niðurstöðum og bókhaldsniðurstöðum).
- Hagskýrslur séu samfelldar og sambærilegar frá einum tíma til annars.
- Hagskýrslur séu byggðar á sömu stöðlum hvað snertir umfang, skilgreiningar, einingar og flokkanir í mismunandi könnunum og gagnauppsprettum.
- Niðurstöður úr mismunandi könnunum og gögnum séu bornar saman og samræmdar.
- Samanburðarhæfni gagna milli þjóða sé tryggð með reglubundnum samskiptum evrópska hagskýrslukerfisins og annarra hagskýrslukerfa. Aðferðafræðilegar athuganir fari fram í náinni samvinnu milli hagstofa aðildarríkja og Hagstofu Evrópu-sambandsins.

15. meginregla: Aðgengi og skýrleiki.

Evrópskar hagskýrslur skulu settar fram á skýru og auðskildu formi, þeim skal miðlað á hagkvæman og hentugan hátt, hafðar tiltækar og aðgengilegar á hlutlausum grunni og vera studdar lýsigögnum og leiðbeiningum.

Mælistikur:

- Framsetning hagskýrslna gefi færi á rétttri túlkun og raunhæfum samanburði.
- Við miðlun hagtalna sé beitt nýjustu upplýsinga- og samskiptatækni og, ef við á, hefðbundnu prentverki.

- Sérsniðin greining skal látin í té eftir föngum og hún gerð opinber.
- Veita má aðgang að gögnum um einstaka aðila í rannsóknarskyni eftir ströngum reglum þar að lútandi.
- Lýsigögn séu skjalfest í samræmi við stöðluð lýsigagnakerfi.
- Notendur séu upplýstir um aðferðafræði við gerð hagskýrslna og gæði hagskýrsluafurða með tilliti til gæðastaðla evrópska hagskýrslukerfisins.

Hagstofa Íslands, 9. júní 2006.

B-deild – Útgáfud.: 10. júlí 2006